

**Gróður og fuglar á fyrirhuguðu  
vegstæði í Skútudal á Siglufirði**

**Elín Gunnlaugsdóttir og  
Aðalsteinn Örn Snæpórsson**

Unnið fyrir Vegagerðina á Sauðárkróki

NÍ 99024

Akureyri, desember 1999



**NÍ**Reykjavík Akureyri  x

<b>Skýrsla nr</b>  99024	<b>Dags, Mán, Ár</b>  20. des. 1999	<b>Dreifing</b>  <input type="checkbox"/> Opin <input type="checkbox"/> Lokuð til 30. maí 2000
<b>Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill</b> Gróður og fuglar á fyrirhuguðu vegstæði í Skútudal á Siglufirði.		<b>Upplag</b> 20
		<b>Fjöldi síðna</b>  12
<b>Höfundar</b> Elín Gunnlaugsdóttir og Aðalsteinn Örn Snæþórsson.		<b>Verknúmer</b>  3022, 10
<b>Unnið fyrir</b> Vegagerðina á Sauðárkróki.		
<b>Samvinnuaðilar</b> Erlingur Freyr Jenson, Ásmundur J. Pálmason.		
<b>Útdráttur</b> Lýsing á gróðri og fuglalífi við fyrirhugað vegstæði upp í Skútudal að fyrirhuguðum Héðinsfjarðargöngum. Gróður ber þess mjög merki að svæðið er snjóþungt. Sjaldgæfustu tegundirnar eru keldustör og skollakambur. Á svæðinu, sem kannað var fundust 75 háplöntutegundir og 11 fuglategundir voru skráðar.		
<b>Lykilorð</b> Gróðurlýsing, háplöntuskrá, gróðurtafla, fuglalíf, Skútudalur, Siglufjörður, vegagerð.		<b>Yfirfarið</b>



## **EFNISYFIRLIT**

1 INNGANGUR	3
1.1 Svæðalýsing	3
1.2 Aðferðir	3
2 GRÓÐURLÝSING	4
3 FLÓRA	5
4 AÐFLUTTAR TEGUNDIR	6
5 FUGLALÍF	6
6 UMRÆÐA	6
7 TILLÖGUR	7
8 ÞAKKIR	7
9 RITASKRÁ	8

## **SKRÁ YFIR MYNDIR OG TÖFLUR**

1. mynd. Kort yfir útbreiðslu keldustarar og skollakams á Íslandi	5
2. mynd. Kort af hluta af fyrirhuguðum Skútudalsvegi	12
1. tafla. Háplöntuflóran	9
2. tafla. Gróðurfélög	11



## 1 INNGANGUR

Að beiðni Vegagerðarinnar á Sauðárkróki tók Náttúrufræðistofnun Íslands að sér að athuga gróður og fuglalíf á svæði, þar sem fyrirhugað er að gera veg í átt að Héðinsfjarðargöngum - Skútudalsvegur.

Elín Gunnlaugsdóttir kannaði gróðurinn ásamt aðstoðarmanni, Sóleyju Jónasdóttur og Aðalsteinn Örn Snæþórsson kannaði fuglalífið.

### 1.1 Svæðislýsing

Fyrirhugað vegstæði byrjar rétt við suðurenda Langeyrarvegar stutt frá T-gatnamótum vestan flugvallar. Þar er hlykkur tekin af veginum með því að fara skamman spöl yfir blauta mýri. Síðan fer vegstæðið yfir þverveginn, yfir smá deiglendi og sveigir til austurs yfir Fjarðará. Eftir það fer vegstæðið til austurs yfir ræktuð tún og svo yfir lágan háls yfir í Skútudal. Á þessum hálsi eru lítil mýrardrög en svæðið þar er að hluta til raskað vegna skurðar sem gengur þvert yfir hálsinn og er skammt frá vegstæðinu. Við skurðinn er heitavatnsleiðsla sem hefur verið hulin jarðveginum úr skurðinum. Eftir að yfir hálsinn er komið þá á vegstæðið að fylgja gömlum vegi yfir ána og upp með henni samkvæmt rissi á korti sem undirrituð fengu. En stikur sem settar höfðu verið út til að merkja fyrir fyrirhuguðu vegstæði lágu aðra leið. Þær fóru upp með ánni sunnanverðri og yfir hana þegar komið var talsvert upp í dalinn. Þessi stikaða leið fór þvert yfir óspillta hallamýri.

Samkvæmt munnlegum upplýsingum frá Erlingi Jensson hjá Vegagerðinni þá á vegstæðið á kortinu að gilda en ekki það sem sett var út með stikum. Leiðin samkvæmt kortinu mun því vera hér til umfjöllunar.

Gróðurinn kringum vegstæðið ber öll merki þess að svæðið er mjög snjóþungt og nokkrar snjóðældategundir er að finna, sem og tegundir, sem eru bundnar við snjóþung svæði landsins.

Þegar gróðurkönnunin fór fram hafði veglínan verið mæld og merktar með stikum. Er vísað til þeirra í gróðurlýsingum í samræmi við línu á grunnmynd Vegagerðarinnar 2. mynd

### 1.2 Aðferðir

Gróðurathugunin fór fram 26. og 27. júlí 1999. Allar tegundir blómplantna og byrkninga sem fundust á svæðinu voru skráðar og stuttar lýsingar gerðar á gróðurlendum.

Gengið var með veglínunni og allar tegundir blómplantna og byrkninga voru skráðar á vettvangi. Háplöntutegundirnar voru skráðar á ca. 20 m breiðu beltí til hvorrar handar við fyrirhugaðar veglínur. Tegundaskrá þessi er sýnd í 1. töflu.

Tegundaheiti háplantna eru í samræmi við Plöntuhandbókina (Hörður Kristinsson 1986), en heiti smáttegundanna eru eftir Flóru Íslands (Stefán Stefánsson 1948).

Mosanöfnin eru samkvæmt ritunum Íslenskir mosar (Bergþór Jóhannsson 1989, 1993 og 1999).

Athugun á fuglalífi fór fram snemma að morgni laugardagsins 10. júlí 1999. Leiðin sem um ræðir var þá gengin. Allir fuglar sem voru innan við 100 m fjarlægðar við fyrirhugað vegstæði nema kríur voru skráðir niður. Einnig voru fuglar sem sáust utan þess svæðis skráðir niður.

## 2 GRÓÐURLÝSING

Fyrirhugaður vegur í átt að Héðinsfirði - Skútudalsvegur - liggur í sveig upp brekkur samkvæmt rissi á korti að miklu leyti eftir rökum brekkum og mýrlendi. Ekki var talin ástæða til að skifta veglínunni niður í deilivæði, og er allt svæðið tekið í einu lagi. Erfitt var að finna neðstu stikurnar, þar sem hross höfðu rutt þeim um koll.

### Svæðið

sem fjallað er um nær frá grafreitnum og upp á brekkubrún. Að mestu er um óraskað land að ræða. Allra efsti hluti þess vegar, sem rissaður var á kortið, er á landi, sem þegar hefur verið raskað. Gróðurlendin sem fyrirhugaður vegur mun fara um talin í grófum dráttum ofan frá.

**Mólandi.** Efst á hálsinum eru krækilyngsmóar á hólunum. Þar eru mest áberandi auk krækilyngsins, bláberjalyng, ljónslappi, bugðupunktur og beitleyng.

Tjarnir og mýradrög eru inn á milli hólanna efst á hálsinum vestanmegin:

**Finnungsmýrar** þar sem barnamosi (*Sphagnum* sp.) er víða í mýrunum en þar er klófífa aðaltegundin ásamt mýrafinnungi og finnungi

Á **tjarnarbökkunum** er klófífa mest áberandi og sumsstaðar er keldustör.

**Finnungsbrekkur** með aðalbláberjalyngi og brönugrösum sem helstu tegundir eru víða á svæðinu.

**Melkollar** eru ofarlega á svæðinu. Þar ber mest á sauðamerg, krækilyngi, beitleyngi, holtasóley og hvítmöðru.

**Melar** eða flag-melkollar með gamburmosategundum (*Racomitrium* spp.), hélumosategundum (*Anthelia* spp.) og grámullu í jöðrum flaganna

**Lyngmóar** þar sem beitleyng og krækilyng ríkjja en hreindýrafléttur (*Cladina* spp.) eru áberandi í gróðursvipnum og skógatildri (*Hylocomium splendens*) er mest áberandi af mosategundunum.

**Snjóðældamýri** með barnamosa (*Sphagnum* sp.), klófífu, mýrfjólu, mýrastör og kornsúru.

**Dý** með mosum ásamt stjörnusteinbrjót og klófífu.

**Bláberjalyngsmýri** með vetrarkvíðastör, finnungi, klófífu og kornsúru auk bláberjalyngsins. Sumsstaðar í mýrunum eru horblaðka og engjarós áberandi


Rakar **finnugsbrekkur** eru víða á svæðinu. Þar ríkir finnugurinn, en hér og hvar eru klófífa, gulvíðir og brönugrös nokkuð áberandi.

Neðst er **vallendi** á tóft þar sem hálíngresi er ríkjandi í gróðursvipnum, en áberandi eru líka túnfífill, túnsúra, skarífífill og brennisóley og hér og hvar eru gulmaðra, stinnastör, bugðupunktur.




### 3 FLÓRA

Heildarfjöldi tegunda háplantna við fyrirhugað vegstæði í Skútudal var 75, sjá 1. töflu. Gróður er talsvert breytilegur á svæðinu. Engin skráðra háplöntategunda er á válista (Válisti 1. Plöntur 1996) en allargar þeirra eru sjaldgæfar á landinu. Sjaldgæfastar eru skollakambur og keldustör sjá 1. mynd. Litunarjafninn er bundinn við snjópung svæði. Takmarkaða útbreiðslu á landinu hafa brönugrös, dökkhæra og lotsveifgras. Lítið er vitað um útbreiðslu eggjasjóðs og sama gildir um þá smátegund maríustakks, en hér var greind þ. e. hnoðamariústakks.



Keldustör *Carex magellanica*



Skollakambur *Blechnum spicant*

1. mynd. Kort yfir útbreiðslu keldustarar og skollakambs á Íslandi.

#### 4 AÐFLUTTAR TEGUNDIR

Tvær tegundir eru aðfluttar á svæðinu. Það eru rauðsmári og alaskalúpína, sem hefur verið sáð þarna í vegrar, sjá 1. töflu.

#### 5 FUGLALÍF

Þeir fuglar sem sást innan 100 metra frá vegstæðinu voru (í einstaklingum talið):

Stökkönd	3
Sandlóa	3
Lóuþræll	2
Hrossagaukur	3
Jaðrakan	3
Spói	3
Stelkur	6
Óðinshani	2
Hettumáfur	3
Þúfutittlingur	3
Skógarþröstur	2

Þar sem vegstæðið byrjar er suðurendi á kríuvarpi sem er vestan Langeyrarvegjar en nokkrar kríur verpa auk þess austan vegjarins við ósa Fjarðarár. Í varpinu eru rúmlega hundrað pör. Hettumáfar verpa þar líka í bland við kríurnar (30-40 pör) en þeir eru flestir talsvert sunnar en fyrirhugað vegstæði fyrir utan tvö pör sem voru austan Langeyrarvegjar við ósa Fjarðarár. Á þessu svæði voru greinilega jaðrakanar, stelkar og lóuþælar með unga af atferli að dæma. Við Fjarðará voru æstir óðinshana og tveir stökkandarsteggir. Á túninu sást lítið af fugli en þegar farið var yfir hálsinn þá lifnaði aftur yfir fuglalífinu. Þar voru sandlóur, stelkar, jaðrakanar, spóar, skógarþrestir og þúfutittlingar með varpatferli. Hrossagaukar sást og stökkandarkolla fannst á hreiðri. Eftir að yfir ána í Skútudal kom sást aðeins einn þúfutittlingur innan 100 metra frá vegstæði.

#### 6 UMRÆÐUR

Finningsbrekkur eru líklega víðar, en finningsgróðurfélögum Skútudalsmegin, sem minnst var á hér að ofan hefur ekki verið lýst sem gróðurfélögum áður.

Til er ein gróðurgreining gerð í finningsbrekkunni vestan í hálsinum upp í Skútudal, sem tilheyrir finnings-skollakambs félagi sjá 2. töflu, raðnr. 6 og skýrslu um gróðurkönnun við fyrirhugað vegstæði í Skarðsdal. (Elín Gunnlaugsdóttir og Aðalsteinn Örn Snæþórsson 1999). Skyld gróðurfélög eru til í Ólafsfjarðarmúla. Þessi gróðurfélög aðgreinast samt sem mismunandi deilifélög.

Finnings-klófífumýrarnar eru að vísu til víðar t.d. í Héðinsfirði, en engar gróðurgreiningar eru til úr þeim og ekki er vitað um útbreiðslu þeirra á landinu. Á það skal bent að þeirri raklendu brekku sem þær eru í þ. e. brekkan upp í Skútudal hefur nánast ekki verið spilt með framkvæmdum og þess vegna ástæðulaust að raska henni

með vegagerð. Það hefði verið þess virði að gera fleiri gróðurgreiningar í votlendinu við fyrirhugað vegstæði upp í Skútudal en til þess gafst ekki tími. Einkum eru finnungsmýrarnar áhugaverðar.

Áhrif fyrirhugaðs vegar á fuglalíf mun fyrst og fremst vera á tveimur svæðum. Annars vegar strax í byrjun þar sem farið er yfir blauta mýri. Kríurnar og hettumáfarnir munu ekki verða fyrir neinum teljandi áhrifum á því enda geta vörp þeirra færst til og þetta er í útjaðri þess. Búsvæði vaðfugla sem sækja í blautar mýrar mun minnka sérstaklega ef vegagerðin þurrkar land með skurðum. Hitt svæðið er utan í hálsinum vestanmegin þar sem mýrarnar eru en skerðing á þeim mun hafa áhrif á þá vaðfugla sem þar eru.

Vegur í túninu og uppi í Skútudal mundi hafa fremur lítil áhrif á fugla. Hvað varðar leiðina sunnan árinna sem stikuð var þá myndi hún skemma alveg þessa fallegu hallamýri..

## 7 TILLÖGUR

Sérstæðustu gróðurlendin eru finnungsmýrar, rakar finnungsbrekkur og snjóældamýrar. Um þessi gróðurlendi vantar frekari upplýsingar. Aðeins ein gróðurgreining er til úr finnungsbrekkunum. Tími vannst ekki til að gera fleiri. Engin gróðurkort eru til af svæðinu

Það væri betra ef núverandi vegstæði fengi að halda sér við Langeyraryveginn í stað þess að raska landi meira en orðið er enda er þarna góður vegur með bundnu slitlagi. Á leiðinni yfir hálsinn væri best ef vegurinn gæti farið sem næst heitavatnslögninni því þar er hvort eð er búið að raska og þurrka upp land.

Á ánni í Skútudal sáust straumendur og grugg vegna ræsislagnar gæti haft áhrif á þær þar sem þær lifa á bitmýslirfum í botni árinna. Best væri því að leggja ræsi að haustlagi þegar endurnar hafa yfirgefið varpstöðvarnar.

**Uppgræðsla á vegköntum.** Við uppgreðslu vegkanta er mælt með að nota aðferðir sem stuðla að því að gróður í vegköntum verði sem líkastur gróðri í nágrenninu. Hafa þer samráð við Náttúruvernd ríkisins hvað uppgreðslu varðar.

### **Frekari rannsóknir**

Náttúrufræðistofnun telur þörf á frekari rannsóknum á gróðurfari og að gera þurfi gróðurkort af svæðinu. Gróðurkort hafa verið gerð í Héðinsfirði vegna Héðinsfjarðargangna og æskilegt er að sams konar upplýsingar og sambærilegt umhverfismat verði gert beggja vegna ganganna áður en endanleg ákvörðun verður tekin um vegstæðið og framkvæmdir hefjast.

## 8 ÞAKKIR

Ævari Petersen er þakkað fyrir að lesa yfir handrit að köflunum um fuglalíf og Kristbiri Egilssyni að lesa yfir kaflana um gróðurinn.

## 9 RITASKRÁ

- Bergþór Jóhannsson, 1989. Íslenskir mosar. Barnamosaætt. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar 12. Reykjavík. 94 s.
- Bergþór Jóhannsson, 1993. Íslenskir mosar. Skeggmosaætt. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar 24. Reykjavík. 116 s.
- Bergþór Jóhannsson, 1999. Íslenskir mosar. Hornmosar og 14 ættir soppmosa. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar 38. Reykjavík. 108 s.
- Elín Gunnlaugsdóttir og Aðalsteinn Örn Snæþórsson, 1999. Gróður og fuglar á fyrirhuguðu vegstæði í Skarðsdal á Siglufirði. Unnið fyrir Vegagerðina á Sauðárkróki. NÍ-99015.
- Hörður Kristinsson, 1986. Plöntuhandbókin Blómplöntur og byrkningar Íslensk náttúra II Örn og Örlygur. Reykjavík. 306 s.
- Hörður Kristinsson, 1998. Drög að útbreiðslukortum íslenskra blómplantna og byrkninga Handrit - Náttúrufræðistofnun Íslands, Akureyrarsetur. 63 s.
- Stefán Stefánsson, 1948. Flóra Íslands III. útg. aukin. Akureyri. 407 s.
- Válisti 1 Plöntur Náttúrufræðistofnun Íslands, Reykjavík 1996. 82 s.

1. tafla. Háplöntuflóran á fyrirhuguðu vegstæði í Skútudal, Siglufirði.  
Tegundir sem fluttar hafa verið úr gördum eða borist hafa á annan hátt  
út í villta náttúru eru auðkenndar með “o” í staðinn fyrir “x” í töflunni.

Íslenskt heiti	Latneskt heiti	
Alaskalúpina	<i>Lupinus nootkatensis</i>	o
Axhæra	<i>Luzula spicata</i>	x
Barnarót	<i>Coeloglossum viride</i>	x
Beitilyng	<i>Calluna vulgaris</i>	x
Bláberjalyng	<i>Vaccinium uliginosum</i>	x
Blágresi	<i>Geranium sylvaticum</i>	x
Blávingull	<i>Festuca vivipara</i>	x
Blöðberg	<i>Thymus praecox ssp. arcticus</i>	x
Brennisóley	<i>Ranunculus acris</i>	x
Brjóstagras	<i>Thalictrum alpinum</i>	x
Brönugrös	<i>Dactylorhiza maculata</i>	x
Bugðupuntur	<i>Deschampsia flexuosa</i>	x
Dökkhæra	<i>Luzula sudetica</i>	x
Eggjasjóður	<i>Rhinanthus minor</i>	
	<i>ssp. groenlandicus</i>	x
Finnungur	<i>Nardus stricta</i>	x
Fjalladepla	<i>Veronica alpina</i>	x
Fjallafoxgras	<i>Phleum alpinum</i>	x
Fjallapuntur	<i>Deschampsia alpina</i>	x
Fjalldrapi	<i>Betula nana</i>	x
Friggjargras	<i>Platanthera hyperborea</i>	x
Gleym-mér-ei	<i>Myosotis arvensis</i>	x
Grasviðir	<i>Salix herbacea</i>	x
Grámulla	<i>Omalotheca supina</i>	x
Gráviðir	<i>Salix callicarpaea</i>	x
Gulmaðra	<i>Galium verum</i>	x
Gulstör	<i>Carex lyngbyei</i>	x
Gulviðir	<i>Salix phylicifolia</i>	x
Hálingresi	<i>Agrostis capillaris</i>	x
Heiðadúnurt	<i>Epilobium hornemannii</i>	x
Hengistör	<i>Carex rariflora</i>	x
Hnoðamariústakkur	<i>Alchemilla glomerulans</i>	x
Holtasóley	<i>Dryas octopetala</i>	x
Horblaðka	<i>Menyanthes trifoliata</i>	x
Hófsóley	<i>Caltha palustris</i>	x
Hrafnafífa	<i>Eriophorum scheuchzeri</i>	x
Hrafnaklukka	<i>Cardamine nymmanii</i>	x
Hrafnastör	<i>Carex saxatilis</i>	x
Hvítmaðra	<i>Galium normanii</i>	x
Ilmreyr	<i>Anthoxanthum odoratum</i>	x
Keldustör	<i>Carex magellanica</i>	x
Klóelfting	<i>Equisetum arvense</i>	x
Klófífa	<i>Eriophorum angustifolium</i>	x
Klukkublóm	<i>Pyrola minor</i>	x
Kornsúra	<i>Bistorta vivipara</i>	x
Krækilyng	<i>Empetrum nigrum s.l.</i>	x
Lindardúnurt	<i>Epilobium alsinifolium</i>	x
Litunarjafni	<i>Diphazium alpinum</i>	x
Ljónslappi	<i>Alchemilla alpina</i>	x
Loðviðir	<i>Salix lanata</i>	x
Lotsveifgras	<i>Poa flexuosa</i>	x
Lyfjagras	<i>Pinguicula vulgaris</i>	x
Mosajafni	<i>Selaginella selaginoides</i>	x

Móasef	<i>Juncus trifidus</i>	x
Mýradúnurt	<i>Epilobium palustre</i>	x
Mýrafinnungur	<i>Trichophorum cespitosum</i>	x
Mýrasef	<i>Juncus alpinus</i>	x
Mýrastör	<i>Carex nigra</i>	x
Mýrfjóla	<i>Viola palustris</i>	x
Rauðsmári	<i>Trifolium pratensis</i>	o
Rjúpustör	<i>Carex lachenalii</i>	x
Sauðamergur	<i>Loiseleuria procumbens</i>	x
Skollafingur	<i>Huperzia selago</i>	x
Skollakambur	<i>Blechnum spicant</i>	x
Skriðlíngresi	<i>Agrostis stolonifera</i>	x
Smjörgras	<i>Bartsia alpina</i>	x
Stinnastör	<i>Carex bigelowii</i>	x
Stjörnusteínbrjótur	<i>Saxifraga stellaris</i>	x
Sýkigras	<i>Tofieldia pusilla</i>	x
Tjarnastör	<i>Carex rostrata</i>	x
Túnsúra	<i>Rumex acetosa</i>	x
Undafíflar	<i>Hieracium spp.</i>	x
Vallarfoxgras	<i>Phleum pratensis</i>	x
Vallhæra	<i>Luzula multiflora</i>	x
Vegarfi	<i>Cerastium fontanum</i>	x
Vetrarkvíðastör	<i>Carex chordorrhiza</i>	x
Pursaskegg	<i>Kobresia myosuroides</i>	x
-----		
Tegundir samtals		75

## 2. tafla. Gróðurfélög.

Skriðsóleyjar-fagurfífls félag no. 1; þúsundblaðarósar-brennisóleyjar félag no. 2; finnugs-skollakambs félag no. 3 en undir því eru skollabers deilifélag no. 3a og brönugrasa deilifélag no. 3b. Tegundir, sem einkenna gróðurfélögin eru innrammaðar í töflunni. Gróðurgreining með raðnúmer 6 er gerð vestan í hálsinum upp í Skútudal, en hinar í Skarðsdal.

Númer	11	1 1							
gróðurgreiningar	2 321	310	798645						
Raðnúmer á			1111						
gróðurgreiningu	1 234	567	890123						
Gróðurfélag no.	1	2	3a	3b	1	2	3a	3b	3
<b>FESTUFLOKKAR</b>									
<b>Tegundir, sem einkenna skriðsóleyjar-fagurfífls félag:</b>									
Skriðsóley ( <i>Ranunculus repens</i> )	2 ...	...	.....	1	.	.	.	.	.
Fagurfífill ( <i>Bellis perennis</i> )	1 ...	...	.....	1	.	.	.	.	.
Hnokkosateg. ( <i>Bryum</i> sp.)	1 ...	...	.....	1	.	.	.	.	.
Krækilyng ( <i>Empetrum nigrum</i> s.l.)	1 ...	...	.....	1	.	.	.	.	.
Lækjadepla ( <i>Veronica serpyllifolia</i> )	r ...	...	.....	1	.	.	.	.	.
Lækjafrehyrna ( <i>Cerastium cerastoides</i> )	1 ...	...	.....	1	.	.	.	.	.
Varpasveifgras ( <i>Poa annua</i> )	r ...	...	.....	1	.	.	.	.	.
Vegarfi ( <i>Cerastium fontanum</i> )	+ ...	...r	.....	1	.	II	.	.	I
<b>Tegundir, sem einkenna þúsundblaðarósar-brennisóleyjar félag:</b>									
Þúsundblaðarós ( <i>Athyrium distentifolium</i> )	. 455	+..	.....	.	V	II	.	.	I
Klölfelting ( <i>Equisetum arvense</i> )	. 21+	111	.....	.	V	V	.	.	II
Túnsúra ( <i>Rumex actosa</i> )	1 .+1	..+	.....	1	IV	II	.	.	I
Brenniey ( <i>Ranunculus acris</i> )	. 1.+	...	.....	.	IV	.	.	.	.
Vallfelting ( <i>Equisetum pratense</i> )	. ++	...	.....	.	IV	.	.	.	.
Barnarót ( <i>Coeloglossum viride</i> )	. ++	...	.....	.	II	.	.	.	.
Blágresi ( <i>Geranium sylvaticum</i> )	. ++	...	.....	.	II	.	.	.	.
Fjallafoxgras ( <i>Phleum alpnum</i> )	r ++	...	.....	1	II	.	.	.	.
Fjallasveifgras ( <i>Poa alpina</i> )	+ ++	...	.....	1	II	.	.	.	.
Ljósadúnurt ( <i>Epilobium lactiflorum</i> )	+ ++	...	.....	1	II	.	.	.	.
Rjúpastör ( <i>Carex lachenalii</i> )	. ++	...	.....	.	II	.	.	.	.
Skænumosateg. ( <i>Mnium</i> sp.)	. 1.	...	.....	.	II	.	.	.	.
Klukkublóm ( <i>Pyrola minor</i> )	. ++	...	.....	.	II	.	.	.	.
<b>Tegundir, sem einkenna finnugs-skollakambs félag:</b>									
Aðalbláberjalyng ( <i>Vaccinium myrtillus</i> )	. 2..	342	2r+.3+	.	II	V	V	V	V
Hálingresi ( <i>Agrostis capillaris</i> )	2 ..+	..+	2121+1	I	II	IV	V	V	V
Finnungur ( <i>Nardus stricta</i> )	. 1..	.2+	223232	.	.	IV	V	V	V
Haddmosateg. ( <i>Polytrichum</i> spp.)	3 ...	.11	212211	1	.	IV	V	V	V
Ilmreyr ( <i>Anthoxanthum odoratum</i> )	. ...	+1.	112.+1	.	.	IV	V	V	V
Ljónslappi ( <i>Alchemilla alpina</i> )	2 ...	.1+	+++	1	.	IV	V	V	V
Bugöpunturn ( <i>Deschampsia flexuosa</i> )	. ...	++1	1.1.1	.	.	V	III	IV	IV
Skollakambur ( <i>Blechnum spicant</i> )	. ...	.2.	.4.4.4	.	.	II	III	III	III
Vallhæra ( <i>Luzula multiflora</i> )	. ...	..+	.r....	.	.	II	I	II	II
<b>Greinitegundir skollabers deilifélags:</b>									
Kornsúra ( <i>Bistorta vivipara</i> )	. 1..	1++	...+.	.	II	V	I	III	III
Stinnastör ( <i>Carex bigelowii</i> )	. .+	++1	...+.	.	II	V	II	III	III
Bláberjalyng ( <i>Vaccinium uliginosum</i> )	. ...	1.+	.....	.	.	IV	.	II	II
Skollaber ( <i>Cornus suecica</i> )	. ...	4.3	.....	.	.	IV	.	II	II
Undafifill ( <i>Hieracium</i> spp.)	. ++	..+	...+.	.	II	IV	I	II	II
Fjalladepla ( <i>Veronica alpina</i> )	. ...	.r.	.....	.	.	II	.	I	I
<b>Greinitegundir brönugrasa deilifélags:</b>									
Brönugrös ( <i>Dactylorhiza maculata</i> )	. ...	...	212211	.	.	.	V	IV	IV
Mýrfjóla ( <i>Viola palustris</i> )	. ...	...	+++.	.	.	.	V	III	III
Þráðsef ( <i>Juncus filiformis</i> )	. ...	...	+.2.++	.	.	.	III	III	III
<b>Fylgitegundir:</b>									
Engjaskrauti ( <i>Rhytidadelphus squarrosus</i> )	2 ++	...	1.1... 1	.	II	.	II	II	II
Móasigö ( <i>Sanionia uncinata</i> )	. 1..	..2	...+.	.	II	II	I	II	II
Fjalladúnurt ( <i>Epilobium anagallidifolium</i> )	. ...	...	...+.	.	.	.	I	I	I
Grasviðir ( <i>Salix herbacea</i> )	. ...	..+	.....	.	.	II	.	I	I
Klöffífa ( <i>Eriophorum angustifolium</i> )	. ...	...	...+.	.	.	.	I	I	I
Lápmosateg. ( <i>Lophozia</i> spp.)	. ...	...	...1.	.	.	.	I	I	I
Lokkosateg. ( <i>Brachythecium</i> sp.)	. ...	...	...1.	.	.	.	I	I	I
Mariustakkur ( <i>Alchemilla vulgaris</i> )	2 4..	.2.	..... 1	.	II	II	.	I	I
Mýrastör ( <i>Carex nigra</i> )	. ...	...	...+.	.	.	.	I	I	I
Tildurmosi ( <i>Hylocomium splendens</i> )	. ...	...	...1.	.	.	.	I	I	I
Túnfifill ( <i>Taraxacum</i> spp.)	1 ...	..+	..... 1	.	.	II	.	I	I



1. mynd. Kort af hluta af fyrirhuguðum Skútudalsvegi.  
Svæðið með finnunsgróðrinum er rammað inn.  
Mælikv. 1:5000.